



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Málsnr.: 21611 0082
Skjalasafn Ráðhúss
22. nóv. 2016
Bréfalykill: 5240

Reykjavík 21. nóvember 2016

Til borgarráðs

Tillaga að samkomulagi aðildarsveitarfélaga SSH um undirbúning að innleiðingu hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínan)

– Umsögn samgöngustjóra Reykjavíkur

Á fundi stjórnar SSH þann 7. nóvember var samþykkt að senda tillögu að samkomulagi aðildarsveitarfélaganna um undirbúning og innleiðingu nýs hágæða almenningssamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu hjá aðildarsveitarfélögunum.

Hágæðakerfi almenningssamgangna Borgarlína, er hryggjarstykkið í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 sem samþykkt var sumarið 2015. Í fyrsta lagi er Borgarlína lykilverkefni í samgöngum; hagkvæm og vistvæn leið til að auka flutningsgetu tenginga á milli sveitarfélaganna og gera þeim kleift að mæta tæplega 40% fjölgun íbúa og fjölgun ferðamanna án þess að álag á stofnvegakerfið aukist í sama hlutfalli. Í öðru lagi er Borgarlína grundvöllur þess að sveitarfélögin geti þétt byggð í miðkjörnum og við línuna, geti vaxið áfram án þess að brjóta nýtt land undir byggð utan skilgreindra vaxtarmarka. Í þriðja lagi er Borgarlína leið til að draga úr byggingarkostnaði, gera uppbyggingaraðilum kleift að byggja í þéttri byggð með minni kostnaði en ella við innri götur og bílastæði (bílakjallara).

Hvað Reykjavík varðar eru hágæða almenningssamgöngur mjög mikilvægur liður í að markmið aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 náist og að vel takist til við uppbyggingu og samgöngur að/frá lykilsvæðum eins Vogabyggð, Elliðaárvogi/Ártúnshöfða og Skeifunni sem liggja við þróunarás borgarinnar og verða endurbyggð á næstu árum.

Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri





Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 REYKJAVÍK

Kópavogur, 14.11.2016
1610002 PG

Varðar: Tillaga að samkomulagi aðildarsveitarfélaga SSH um undirbúning að innleiðingu hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínan)

Á fundi stjórnar SSH hinn 7. nóvember sl. var eftirfarandi bókað og samþykkt:

4. mál: Borgarlínan

Fyrir fundinum lágu eftirtalin skjöl:

Tillaga að samkomulagi aðildarsveitarfélaganna um undirbúning og innleiðingu nýs hágæða almenningssamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu.

Kostnaðaráætlun vegna vinnu við 1. áfanga við mótun verkefnisins, fram til maíloka 2017.

Samþykkt að senda ofangreint til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu hjá aðildarsveitarfélögunum. Stefnt að því að niðurstaða geti legið fyrir á aðalfundi SSH 2. desember n.k.

Í samræmi við ofanritað fylgir hjálagt framangreind tillaga ásamt tilgreindum fylgiskjölum sem óskast tekin til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu sem fyrst.

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt:

- Tillaga að samkomulagi aðildarsveitarfélaganna
- Fylgiskjal 1 – Innleiðing í svæðisskipulag og aðalskipulag
- Verk- og tímaáætlun v. undirbúnings að innleiðingu Borgarlínu
- Kostnaðaráætlun jan – maí 2017 og skipting kostnaðar milli sveitarfélaganna.

Lagt fram á fundi stjórnar SSH 7. nóvember 2016
Sent til umfjöllunar og afgreiðslu hjá aðildarsveitarfélögunum

Samkomulag um undirbúning að innleiðingu hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínan)

Með vísun í gildandi svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið gera sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes með sér eftirfarandi samkomulag um

undirbúning að innleiðingu hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

1. Almennt

Samkomulag þetta byggir á fyrirliggjandi markmiðum og forsendum um þróun og þéttingu byggðar á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2040, sem og markmiðum um aukna hlutdeild almenningssamgangna á skipulagstímabilinu.

Tilgangur samkomulagsins er að staðfesta vilja og ákvörðun sveitarfélaganna um samstarf og samvinnu þeirra við mótun þeirra verkefna sem sveitarfélögin þurfa að takast sameiginlega á við til að ná fram ofangreindum markmiðum.

Til að tryggja sem best framgang ofangreindra markmiða munu sveitarfélögin vinna sameiginlega að innleiðingu og uppbyggingu hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu (hér eftir nefnt „Borgarlínan“). Jafnframt munu sveitarfélögin haga skipulagsmálum og uppbyggingu íbúða- og athafnasvæða þannig að þær aðgerðir beinist einkum að áhrifasvæðum Borgarlínunnar og styrki þannig meginforsendur verkefnisins.

Sveitarfélögin samþykkja að á fyrri hluta ársins 2017 verði á vegum SSH unnin nauðsynleg undirbúningsvinna í samræmi við grein 2 hér að neðan vegna innleiðingar og uppbyggingar Borgarlínunnar, formgerðar og fjármögnunar verkefnisins og ákvörðunar um fyrirkomulag farþega- og akstursþjónustu.

2. Aðgerðir

- 2.1.1. Lokið verði bindingu á legu Borgarlínunnar í aðalskipulagi sveitarfélaganna fyrir árslok 2017, m.a. í samræmi við samkomulag SSH og Vegagerðarinnar frá 17. apríl 2015 (sjá nánar fskj. 1 – verkáætlun v. innleiðingar í skipulag).
- 2.1.2. Öflun nauðsynlegra gagna vegna undirbúnings að greiningu á fjárhagslegum þáttum verkefnisins og mati og vali á hagkvæmstu tæknilausum m.v. áætlanir um farþegagrunn, flutningsþörf o.fl. sem leggja þarf til grundvallar við gerð frumrekstraráætlun verkefnisins, s.s:
 - Skilgreining þjónustustigs almenningssamgangna..
 - Tillögur um tæknilega lausn verkefnisins
 - Tillögur um áfangaskiptingu við uppbyggingu og innleiðingu verkefnisins.
- 2.1.3. Frumkostnaðaráætlun verkefnisins og hvers áfanga.
- 2.1.4. Viðræður við innanríkis- og fjármálaráðuneyti og Vegagerðina um formlegt samstarf um sameiginlega fjármögnun og uppbyggingu Borgarlínunnar, m.a. með vísun í samkomulag SSH og Vegagerðarinnar frá 17. apríl 2015, og eftir atvikum stofnun undirbúningsfélags.
- 2.1.5. Greiningu á þörf fyrir nauðsynlega lagasetningu og lagabreytingar til að skapa verkefninu þá lögformlegu umgjörð og fjárhagsramma sem nauðsynlegur er til að tryggja framgang þess, bæði vegna innviðaupbyggingar og akstursþjónustu.
- 2.1.6. Mótun tillagna um fyrirkomulag fjármögnunar og reksturs Borgarlínunnar með mögulegri aðkomu fjárfesta. Samhliða verði mótaðar tillögur um skiptingu stofn- og rekstrarkostnaðar milli þeirra aðila sem koma að fjármögnun verkefnisins, þ.m.t. eðlilega innbyrðis skiptingu á milli sveitarfélaganna.

(Í fylgiskjali 2 er gerð frekari grein fyrir vinnu við verkefni 2.1.2. – 2.1.6.)

3. Tímarammi, kostnaður og skipting kostnaðar

Gert er ráð fyrir að verkefnum sbr. gr. 2.1.1. verði að fullu lokið á árinu 2017 með staðfestingu á breyttu svæðisskipulagi og aðalskipulagi allra sveitarfélaganna. Verkefnum skv. 2.1.2. – 2.1.5 ljúki fyrir maílok 2017 með ákvörðun um endanlegt félagsform vegna uppbyggingar og reksturs Borgarlínunnar.


Áætlaður kostnaður vegna verkefna sem tengjast 2. grein samkomulags þessa er um 28,5 m. króna (sjá fylgiskjal 3).

Sveitarfélögin greiða kostnað vegna verkefnisins í samræmi við íbúafjölda sveitarfélaganna (sjá fylgiskjal 3).

4. Umsjón

Stjórn SSH hefur umsjón með framgangi verkefna skv. 2. grein. Skrifstofa SSH annast stjórnslulega og fjárhagslega umsjón verkefnisins.

Kópavogi xx.xx. 2016



Fylgiskjal 2 - Gagnaöflun og greining

ID	Task Mode	Task Name	Duration	Start
1	📌	Borgarlina með innleiðingu legu í aðalskipulag sveitarfélaga	336 days	Fri 16.9.16
2	📌	Borgarlina verkefnishluti	184 days	Fri 16.9.16
3	📌	0. Skilgreining þjónustustigs	34 days	Tue 1.11.16
4	📌	0.1 Málstofa með COWI	2 days	Thu 17.11.16
5	📌	0.2 Skilgreining þjónustustigs almennings samganga	34 days	Tue 1.11.16
6	📌	1. Lagning og rekstur borgarlínu/innviða	161 days	Fri 16.9.16
7	📌	1.1 Eignarhald innviða og ábyrgð eigenda	98 days	Fri 16.9.16
8	📌	1.1.1 Lagaheimildir	78 days	Fri 14.10.16
9	📌	1.1.2 Kostnaðargreining innviða	52 days	Mon 21.11.16
10	📌	1.2 Fjármögnun	66 days	Tue 1.11.16
11	📌	1.2.1 Innviðagjöld	66 days	Tue 1.11.16
12	📌	1.2.2 Skipting stofnkostnaðar milli eigenda	66 days	Tue 1.11.16
13	📌	1.2.3 Ríkisframlög	66 days	Tue 1.11.16
14	📌	1.2.4 Framlög sveitarfélaga	66 days	Tue 1.11.16
15	📌	1.3 Framkvæmd	107 days	Thu 1.12.16
16	📌	1.3.1 Tæknileg hönnun	87 days	Thu 1.12.16
17	📌	1.3.2 Afangaskipting	63 days	Wed 1.2.17
18	📌	1.4 Rekstur og viðhald	107 days	Thu 1.12.16
19	📌	1.4.1 Rekstraraðili	107 days	Thu 1.12.16
20	📌	2. Akstur og farþegaþjónusta	107 days	Thu 1.12.16
21	📌	2.1 Eignarhald og ábyrgð	87 days	Thu 1.12.16
22	📌	2.2 Tæknilega lausnir	64 days	Thu 1.12.16
23	📌	2.3 Innleiðing og markaðssetning	107 days	Thu 1.12.16
24	📌	2.4 Tengsl við núverandi kerfi, Strætó bs.	107 days	Thu 1.12.16
25	📌	2.5 Fjarfesting í flutningatækjum - eigin rekstur eða útboð ?	107 days	Thu 1.12.16
26	📌	2.6 Blöðstöðvar og önnur aðstaða - Hver á þetta og rekur ?	87 days	Thu 1.12.16
27	📌	3. Skipulag	304 days	Tue 1.11.16
28	📌	3.1 ljúka ákvörðun um legu í svæðisskipulagi	66 days	Tue 1.11.16
29	📌	3.2 Innleiða legu í aðalskipulagi sveitarfélaga	304 days	Tue 1.11.16
30	📌	4. Samkomulag sveitarfélaganna	86 days	Wed 1.2.17

Project: Borgarlina v01 nýtt
Date: Thu 10.11.16

Task Project Summary Manual Task Start-only Deadline
Split Inactive Task Duration-only Finish-only Progress
Milestone Inactive Milestone Manual Summary Rollup External Tasks Manual Progress
Summary Inactive Summary Manual Summary External Milestone

BORGARLÍNAN**FJÁRHAGSÁVÆTLUN 2016 OG TIL MAÍLOKA 2017**Fylgiskjal 3: Áætlaður verkefnakostnaður
fram til maíloka 2017

Innleiðing Borgarlínunnar í svæðisskipulag og aðalskipulaga sveitarfélaganna

2017 Skipulagsþáttur

	A	B
Aðstoð við gerð breytingartillögu	1.000.000	2.000.000
Umhverfismat og skýrsla	1.500.000	3.000.000
Kynningar	200.000	500.000
Aðstoð við úrvinnslu eftir kynningar	500.000	1.000.000
Samtals	3.200.000	6.500.000

1.

A SSH sér um breytingu á svæðisskipulagi og hvert og eitt sveitarfélag sér um breytingu á aðalskipulagi**B** SSH sér um breytingu á svæðisskipulagi og vinnur grunn að breytingartillögum (greinargerð) og umhverfismati fyrir allar aðalskipulagsbreytingar. Sveitarfélögin breyta sínum uppdráttum.**2016 og 2017****Strúktúrvinna****2016**

Verkefnastjórn	4.000.000
Kynningarmál	2.000.000
Annar kostnaður	1.000.000
Samtals	7.000.000

2.

2017

Verkefnastjórn	6.000.000
Aðstoð við kostnaðarmat framkv	2.000.000
Samningsger sveitarfélaga	1.000.000
Ráðgjöf við lagaleg atriði framkv	3.000.000
Ferðakostnaður	1.000.000
Fundarkostnaður	1.000.000
Annar kostnaður	1.000.000
Samtals	15.000.000

3.

SAMTALS 1 + 2+ 3**25.200.000****28.500.000****Skipting kostnaðar milli sveitarfélaganna:**

	1.jan.16	Hlutfall:	Hlutdeild:
Reykjavík	122.460	57,4%	16.354.626
Mosfellsbær	9.481	4,4%	1.266.195
Seltjarnarnes	4.415	2,1%	589.627
Kópavogur	34.140	16,0%	4.559.423
Garðabær	14.717	6,9%	1.965.467
Hafnarfjörður	28.189	13,2%	3.764.662
213.402	100,0%	28.500.000	